



# Náttúruverndarsamtök Íslands

## Iceland Nature Conservation Association

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd Alþingis

Reykjavík, 8. maí 2024

Málsnúmer: 154. löggjafarþing 2023–2024. 930. mál (LV mál 231120-0141)

### Efni: Athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Íslands við frumvarp til laga um lagareldi.

Villtum laxastofnum víða ógnað með laxeldi í sjó með frjóum laxi. Krafa Náttúruverndarsamtaka Íslands er að íslensk stjórnvöld taki mið af þeirri eyðileggingu á umhverfi og náttúru sem orðið hefur í Noregi, Skotlandi og Chile.

Frá upphafi hefur verið ljóst að tilraunir með laxeldi í opnum sjókvíum hér við land muni ganga að íslenskum laxastofnum dauðum. Náttúruverndarsamtök Íslands lagst gegn því að stjórnvöld heimili slíka starfsemi. Fjöldmörg náttúruverndarsamtök hafa ítrekað varað íslensk stjórnvöld við þessari þróun. Einnig er vert er að minna á þrotlausa baráttu Orra Vigfússonar fyrir verndun laxastofna hér við land. Þar með talið gegn Hvammsvirkjun enda gengur í Þjórsá stærsti laxastofn landsins.

Ísland er skuldbundið til að vernda líffræðilega fjölbreytni í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Laxeldi í sjó hér við land fer í bága við þessar skuldindingar.

Áhyggjur og aðvaranir hafa gengið eftir. Laxeldisiðnaðurinn á Íslandi hefur misst trúverðuleika sinn og ver nú háum fjárhæðum í auglýsingar til að telja almenningi trú um að allt muni þetta nú reddast.

#### Bann við laxeldi í opnum

Náttúruverndarsamtök Íslands gera afdráttarlausu kröfu umað laxeldi í opnum sjókvíum hér við land verði bannað. Aldrei getur farið saman að halda 70 milljónum frjórna laxa í sjókvíum hér við land ef við ætlum að standa vörð um vilta laxastofna sem telja 50-80.000 fiska. Þetta er ekki flókið.

#### Bann við laxeldi með ófrjóum laxi

Náttúruverndarsamtök Íslands telja afar brýnt notkun á frjóum laxi verði bannað. Lagt er til að sú kynslóð eldislaxa sem nú þegar er í sjókvíum fái að klára sinn lífsferil og að ekki verði settir fleiri árgangar af frjóum laxi í sjókvíar.

Vissulega mun ófrjór lax ekki leysi allan þann vanda sem sjókvíaeldi veldur. Engin eldislax ætti að ganga upp í íslenskar ár en það að hann sé frjór og kynþroska er brot gegn meginreglum umhverfisréttar.

Tæknilega er vel unnt að ala ófrjóan lax enda hafa verið gefin út rekstrar- og starfsleyfi til notkunar á ófrjóum laxi. Eina ástæða þess að sjókvíaeldisfyrirtækin nota ekki ófrjóan lax í starfsemi sinni er að slíkt hefur neikvæð áhrif á arðsemi þeirra.

Alþingi má ekki leggja líffræðilega fjölbreytni að veði fyrir skammtímagróða laxeldisfyrirtækja. Það er skýlaus krafa Náttúruverndarsamtakanna að fyrirtækin verði skylduð til að fjárfesta hluta af hagnaði sínum í að þróa eldi með ófrjóan fisk á þann hátt (t.d. vaxtarhraða og fleiri þætti) að aðrbært verði að ala hann.

### **Lús – áhrif á villta stofna**

Villtum stofnum laxfiska stafar mikil ógn af lús í sjókvíum. Magn lúsar í kvíum getur orðið margfalt á við eðlilegt magn á villtum fiski. Slíkt setur alla laxfiska sem eiga gönguleið nálægt sjókvíum í hættu. Heildarfjöldi lúsa ætti ekki að fara yfir 0,1 á hvern fisk að meðaltali, vegna þeirrar hættu sem það skapar villtum stofnum. Ef að lúsin fer yfir þau mörk þarf tafarlaust að skerða framleiðsluheimildir.

Ekkert kemur fram í frumvarpinu um hámarksgildi á lús og er ráðherra eftirlátið að ákveða það með reglugerð. Slík lagasetning er óviðunandi.

### **Dýravelferð**

Blóðþurrð, kuldi, lúsafaraldrar o.fl. eru algengar fréttir af laxeldi hér á landi. Sl. haust geisaði einhver skæðasti lúsafaraldrur í sögu sjókvíaeldis í heiminum á sunnanverðum Vestfjörðum og farga þurfti milljón eldislöxum. Hvaða búskussar voru þar á ferð? Fengu þeir að halda áfram óátalið?

Athugasemdir um lús hér að ofan eiga að sjálfsögðu einnig við um dýravelferð og afföll. Í því stórfellda lúsafári sem geisaði síðasta haust var slátrun besta lausning en margir drápust sjálfir, hægum og kvalarfullum dauðdaga með lúsétið og bakteríusýkt höfuð.

### **Eftirlit**

Stórefla verður eftirlit með sjókvíaeldi. Eðlilegt er að margfalda fjöld eftirlitsmanna og að á hverju eldissvæði sé stöðugt opinbert eftirlit.

Fyrirtækin hafa ekki sýnt að þeim sé treystandi fyrir eftirliti með eigin starfsemi. Arctic Fish sinnti ekki neðansjávareftirliti við kvíar í 95 daga þrátt fyrir kröfu um eftirlit á 60 daga fresti. Sama fyrirtæki sinnti ekki ljósastýringu og því varð fiskurinn í kvínni kynþroska. Árið 2021 gerðu stjórnendur Arnarlax sér grein fyrir stórkostlegum afföllum í kví við Haganes í Arnarfirði vegna verulegra frávíka í fódurgjöf. Þessi frávík voru ekki tilkynnt til stjórnvalda og liðu tæpir þrjú mánuðir þar til tilkynnt var um gat á kvínni. Úr kvínni sluppu rúmlega 80.000 laxar.

Niðurstöður úr öllu opinberu eftirliti ættu að vera almenningi aðgengilegar án tafar á vef viðkomandi eftirlitsaðila.

### **Gjaldtaka**

Eðlilegt er gjaldtaka í sjókvíaeldi verði aukin verulega enda um að ræða nýtingu á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar.

Þá er lagt til að fyrirtæki sem stunda sjókvíaeldi verði skylduð til að kaupa tryggingu sem tekur mið af því tjóni sem þau muni eða kunni að valda á villtum laxastofnum og náttúru Íslands.

### **Tímabundin leyfi**

Náttúruverndarsamtök Íslands telja afar mikilvægt að leyfi verði einungis veitt til 10 ára að hámarki. Sjókvíaeldi er ódýrasta leiðin til að ala eldislax og krefst ekki mikilla fjárfestinga. 10 ár er nægur tími í þessu samhengi og gefur fyrirtækjum svigrúm og fyrirsjáanleika.

Virðingarfyllst,

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands



Árni Finnsson